

er ekki skömm að því að nota það ekki og láta það fyrir það verða ónýtt, rétt eins og ekkert væri í það varið eða svo miklu ógöfugra en hljóðfærin hin?

Því miður brennur þetta við hjá okkur. Við álitum ekki nærri því eins nauðsynlegt fyrir unglíngana að læra að syngja eins og að læra að leika á píanó eða orgel. Svo er að sjá sem álitid sé, að miklu minna sé í það varið að syngja, eða þá, að sá, sem syngja vill og söngródd hefur, kunnir að syngja og geti sungið án þess hann þurfi að æfa sig frekar en honum sýnist.

Þeir, sem unnið hafa að því að halda saman söngflokkum með reglubundnum söngæfingum, vita, hvað ervitt það hefur verið — hvað fólkið hefur verið hyskið að sækja æfingarnar og áhugalítið fyrir því að læra að syngja.

Líka er það kunnugt, hve afar fáir þeir eru, sem í rauninni vilja læra að syngja, eða finst, að þeir þurfi á tilsögn að halda, ef þeir eigi að læra það. Og almenningsálitið hjá okkur virðist vera það, að þeir einir, sem frábæra sönghæfileika hafa, eigi að læra til söngs, aðrir ekki. Rétt eins og gáfudustu börnin ættu að ganga í skóla, hin ekki!

Sá, sem vakið getur fólk okkar sönglega—sérstaklega unga fólkið—og komið því til að sjá, hvað nauðsynlegt og gagnlegt er fyrir það að læra að syngja, og finna til þess, hvað ánægjulegt það er, hann vinnur þjóð okkar þarft verk. Og það verk þarf að vinna. En um fram alla muni: Við þurfum að læra að syngja á íslensku. Íslenskan þarf að lifa í söng okkar. Við græðum á því sem *Íslendingur*. En ekki það einungis, heldur líka sem *menn*.

Kvöld hins 25. Júní síðastl. var merkisstund í sögu okkar Vestur-Íslendinga. Ekki vegna þess aðallega, að þá var saman kominn í kirkju einni í Winnipeg stór hópur af íslensku söngfólki, er söng þrýðis-vel—stærsti hópurinn, sem sungið hefur saman hjá okkur — og annar stórhópur af Íslendingum, sem hlustaði á með sjáanlegri ánægju—sjálfsagt stærsti hópur Íslendinga, sem nokkurn tíma hefur hjá okkur setið annað eins samkvæmi. Ekki heldur vegna þess, að hér voru saman komnir söngflokkar bæði úr Winnipeg og sunnan að frá Dakota, sem samsönginn höfðu. Auðvitað var það nýstárlegt. En annað